

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla ráðsins 2008/C 319/03B frá 20. nóvember 2008 um hreyfanleika ungra sjálfboðaliða innan Evrópusambandsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **32009 R 0824**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 824/2009 frá 9. september 2009 (Stjtið. ESB L 239, 10.9.2009, bls. 48),
- **32009 R 0839**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 839/2009 frá 15. september 2009 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2009, bls. 6).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 15, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 319, 13.12.2008, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.